

Fræðsluráð 27/5 2019

## Erindi: Rök fyrir fjölgun skólahverfa og á einu stöðugildi í BRÚNA

Markmið Brúarinnar er

- að auka lífsgæði leik- og grunnskólabarna í Hafnarfirði
- markvissara og skilvirkara samstarf Fjölskylduþjónustu og Fræðslu- og frístundaþjónustu
- Skýrari og markvissari snemmtæk inngrip sérþæðinga innan og utan skólanna
- að foreldrar og nemendur fá fyrir stuðning, viðtöl og ráðgjöf

Í dag eru 3 skólahverfi (af 8) í BRÚNNI og 3 starfsmenn verið ráðnir til að innleið verklagið.

### Í niðurstöðum viðhorfakönnunar á BRÚNNI mars 2019 sem lögð var fyrir starfsfólk skólanna og foreldrar 30 barna kom m.a fram:

- Með BRÚNNI fær fjölskyldan greiðari þjónustu og stuðning
- Skýrt verklag fyrir skólana hvernig vísa eigi málum áfram
- Starfsfólk skóla finnur fyrir auknu samstarfi milli fjölskylduþjónustu og fræðslu- og frístundaþjónustu
- Starfsfólk skóla finnur fyrir aukinni þjónustu og stuðningi
- Foreldrar ánægðir með skjóta þjónustu og ráðgjöf
- Foreldrar finna fyrir bættri hegðun barna og betri samskiptum heima

## **Af hverju fleiri skólar í BRÚNA**

### Jákvæð reynsla

- Stefnt er að öll skólahverfi vinni eftir þessu verklagi
- BRÚIN býður upp á markvissa samþætta og þverfaglega teymisvinnu sérfæðinga innan og utan skólanna í Hafnarfirði
- Verklag BRÚARINNAR auðveldar starfsfólki skólanna að styðja við nemendur með auknar stuðningsþarfir
- Niðurstöður könnunar um BRÚNA sýna jákvæðar breytingar
  - starfsfólk skólanna ánægt með BRÚNA
  - Foreldrar ánægðir með þjónustu í gegnum BRÚNA
- Skilvirkari vinnubrögð skila sér í styttingu biðlistum í greiningar og vonandi til barnaverndar í náinni framtíð
- Úrræði og sérfræðiþekking í skólunum nýtist betur með markvissum vinnubrögðum BRÚARINNAR
- Úrræði fjölskylduþjónustu/barnaverndar hafa verið opnuð frekar með forvarnargildi og snemmtæka nálgun í huga

- 
- Stefnan er að stigvaxandi bætist við fleiri skólahverfi

### Heildarfjöldi mála í lausnarteymi Brúarinnar skólaárið 2018-2019

- 152 mál - í gegnum lausnarteymi Brúarinnar
- 70 mál - einstaklingsmál

### Starfsfólk BRÚARINNAR

- 2018-2019, 3 starfsmenn, 3 skólahverfi (3 grunnskólar og 7 leikskólar)
- Tími starfsfólks BRÚARINNAR fer bæði í þróun hennar og í vinnslu einstaklingsmála.

### Þörf á aukningu miðað við málafjölda núverandi skólaárs:

- Skólaárið 2019-2020- 1 starfsm. í viðbót í BRÚNA og bæta við 2 hverfum
- Skólaárið 2020-2021- starfsfólk beggja sviða nýtt enn frekar bæta við 3 hverfum
  - Stefnt að því að valdefla enn frekar starfsfólkið á báðum sviðum á næstu 2-3 árum og breyta vinnulagi þannig að fleiri geti unnið eftir þverfaglegu verklagi BRÚARINNAR. Þannig gæti mögulega verið hægt að bæta við 3 hverfum á þarnaesta skólaári. Á næstu skólaárum mun einnig fara minni tími starfsfólks í þróun verklagsins og meiri tími í samráð við skólana og stuðning við foreldra.
  - Stefnt að því að bætt verklag og valdefling starfsfólks í skólum geri það að verkum að málum fækki og snemmtæk markviss inngrípum eflist.

Brúin er ekki tilraunarverkefni heldur kerfisbreyting, breytinga á verklagi við nálgun við málefni barna og fjölskyldna þeirra með langtíma árangur í huga. Verklagið nær til alls skólasamfélagsins og stuðningsnets þess.

Breytingarnar eru flókið ferli sem kalla á viðhorfsbreytingar, nýja nálgun og vinnubrögð margra aðila innan kerfisins sem aftur kallar á þolgæði, sterka sýn, hæfni, úthald, fármagn og aðgerðarmiðaða nálgun. Allir þættir þurfa að vera til staðar til að tryggja framgang verkefnisins og þróun þess svo árangur náist.

#### Model for Managing Complex Change



Adapted from Knoster, T. (1991) Presentation in TASH Conference, Washington, D.C. Adapted by Knoster from Enterprise Group, Ltd.

**Niðurstaða sviðsstjóra beggja sviða, verkefnastjóra Brúarinnar og stýrihóps er að:**

➡ Ef eitt stöðugildi fæst í viðbót verði hægt að þróa verlag BRÚARINNAR í öll skólahverfi Hafnarfjarðar næstu skólaár og tryggja frekari framgang þeirrar nálgunar sem Brúin sinnir í snemmtækri íhlutun.

➡ Fræðslu- og frístundarsvið og Fjölskyldusvið gerðu ráð fyrir fjármagni til þróunar verkefnisins á báðum sviðum. Fjármagn er til þess að fjármagna stöðugildi fram að áramótum. Við fjárhagsáætlunargerð fyrir 2020 þarf að gera ráð fyrir fjórum stöðugildum í Brúnna.

**Fanney Dórothe Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs**

Fanney Dórothe Halldórsd.

**Hulda Björk Finnsdóttir, verkefnastjóri Brúarinnar**

Hulda Björk Finnsdóttir

**Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs**